FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Íslenska með áherslu á bókmenntir
Námsgrein:	íslenska
Viðfangsefni:	bókmenntir og ritun, málnotkun
Skammstöfun:	ÍSLE1MB04
Þrep:	1
Einingafjöldi:	4
Lýsing:	Í áfanganum er unnið með bókmenntir og sem flesta þætti íslenskunnar. Nemandinn lærir í gegnum bókmenntir og vinnur með þær á fjölbreyttan hátt. Áhersla er lögð á að nemandinn bæti orðaforða sinn og efli sjálfstraust sitt og trú á eigin málnotkun. Jafnframt er áhersla lögð á að nemandinn auki les- og/eða hlustunarskilning sinn og æfist í að skilgreina hugtök sem koma fram í texta. Nemendur fá þjálfun í að tjá skoðanir sínar í gegnum uppbyggilegar samræður. Notast er við einstaklingsmiðaðar bókmenntir og fjölbreytt verkefni. Megin áhersla er á að nemandinn viðhaldi og byggi ofan á þann grunn sem hann býr nú þegar að.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Uppbyggingu bóka • Mikilvægi lestrar/hlustunar sem nýtist í daglegu lífi, í hvaða formi sem er
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Nýta sér og/eða tileinka sér nýjan orðaforða • Lesa og/eða hlusta á mismunandi texta sér til gagns og gleði • Ná innihaldi og söguþræði bókar • Að tjá skoðanir sínar í ræðu og riti og taka þátt í samræðum
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Nýta sér bókmenntir í daglegu lífi til gagns og/eða gleði í hvaða formi sem er, t.d. ritaðar bækur, hljóðbækur og rafbækur • Spyrja spurninga og hlusta á sjónarmið annarra • Láta skoðanir sínar í ljós • Gera grein fyrir innihaldi texta
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.